



Alþingi – nefndasvið
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 5. júní 2015

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015 - 2018

Á stjórnafundi SASS fyrr í dag var eftirfarandi samþykkt:

Almennt: Lögð er áhersla á að tekin verði upp ný vinnubrögð í samgöngumálum, hvað varðar áætlanir, ákvarðanir og framkvæmdir við samgöngumannvirki. Við skiptingu fjármuna er eðlilegast að horfa á landið í heild, beina þarf fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf framkvæmdum á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna.

Almenningssamgöngur: Í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir hækkunum vegna almenningssamgangna, óbreytt framlag á milli ári. Skorað er á ríkisvaldið að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið og jafnframt verði tillit tekið til breytinga á endurgreiðslu olíugjalds.

Umferðaröryggi: Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauðnu fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Í samgönguáætluninni er einungis gert ráð fyrir því að endurnýja 6-7% af flatarmáli bundins slitlags á hverju ári en hlutdeildin ætti að vera nær 10-12%. Lagt er til að lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næstu árum.

Fækkun einbreiðra brúa: Lögð er áhersla á að verulegt átak verði gert í samgöngumálum í V- og A-Skaftafellssýslum. Farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á Þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætluninni en fjöldi þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða rúmlega 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningsleiðir og auka öryggi vegfarenda.

Suðulandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss: Stjórn SASS lýsir yfir ánægju sinni með að í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir vegabótum á milli Selfoss og Hveragerðis.

Hafnir: Lögð er áhersla á að tryggt verði fé til dýpkunar sunnlenskra hafna, þ.e. Hornafjarðarhafnar, Landeyjahafnar, Vestmannaeyjahafnar og Þorlákshafnar. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn innsiglingar um Hornafjarðarós Grynnslin.

Það er fagnaðarefni að endurbætur Þorlákshafnar séu hluti samgönguáætlunarinnar. Endurbæturnar eru mikilvægt hagsmunamál fyrir Suðurland en höfnin er stórt tækifæri til öflugrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt en áætlað fjármagn til verksins á tímabilinu er aðeins um fjórðungur af heildarkostnaði skv. frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt: Lögð er áhersla á að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.

Lokaorð: Ekki er hægt að láta hjá líða að gagnrýna þann stutta umsagnarfrest sem sveitarfélögunum er gefinn til umsagnar um jafnmikilvægt mál og samgönguáætlun Alþingis. Hér með er skorað á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að endurskoða verklag nefndarinnar að þessu leyti.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS



Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri